

FREDSPRISINITIATIVET 2012 - Fréttatilkynning

Lau, 08/12/2012 - 19:19 | [Ýmsir](#)



Mótmælum friðarverðlaunum Nóbels 2012

Friðarverðlaun Nóbels árið 2012 eru veitt Evrópusambandinu. Á undanförunum árum hefur mikilvægur þáttur í starfi Evrópusambandsins verið hernaðar og vígvæðing. Aðildarríki ESB flytja út þriðjung allra vopna sem framleidd eru, eru í öðru sæti yfir útgjöld til hernaðarmála og tekjur sumra vopnaframleiðanda sambandsins eru hærri en fjárlög þróunarríkja.

FREDSPRISINITIATIVET 2012 er bandalag samtaka sem gangrýna veitingu friðarverðlauna Nóbels til Evrópusambandsins. Verðlaunin eiga að falla þeim í skaut sem sannarlega hafa stuðlað að afvopnum og bræðralagi meðal manna. Við teljum að ESB uppfylli ekki þessar kröfur. Á grundvelli hins mikla hernaðarlega þáttar Evrópusambandsins teljum við sambandið óverðugan verðlaunahafa.

Í ljósi þessa býður FREDSPRISINITIATIVET 2012 öllum áhugasömum aðilum að taka þátt með okkur sunnudaginn 9. desember á Youngstorget í Osló, kl 16:00. Blysför, ræður, menning og skemmtiatriði.

Þau sem standa að FREDSPRISINITIATIVET 2012 eru: Á alþjóðavettvangi:

Fyrrum friðarverðlaunahafarnir International Peace Bureau (1910), Mairead Maguire (1976) og Adolfo Pérez Esquivel (1980), ATTAC á Íslandi, ATTAC Svíþjóð, ATTAC Frakklandi, ATTAC Austurríki, Evrópunet ATTAC-samtakanna, Lýðræðisleg Evrópa (DK), Hreyfing fólksins í DK, Kvinnor för fred í Svíþjóð og Finnlandi, People's Movement á Írlandi og Syriza í Grikklandi.

Í Noregi: ATTAC Norge, Bestemødre for fred, Bevegelsen for sosialisme, Borgerlønn - Bien Norge, EL & IT Forbundet i Oslo og Akershus, Heismontørenes Fagforening, Informasjonsarbeidere for fred, Internasjonal kvinneliga for fred (IKFF), Kystpartiet, Kommunistisk Plattform, LO Oslo, Latin-Amerikagruppene i Norge (LAG), Motmakt, Norges Fredsråd, Norges Fredslag, Norges Sosiale Forum, Nei til Nye NATO, Nei til EU, Norge for Fred, Norges Kommunistiske Parti, Oslo Grafiske Fagforening, One People, Occupy, PRESS - Redd Barna Ungdom, Rødt Ungdom, Rødt, Revolusjonær Kommunistisk Ungdom, Senterungdommen, Senterpartiet, Sosialistisk Ungdom, Sosialistisk Venstreparti, Tea Party-bevegelsen Norge, Tjen folket, Ungdom mot EU, Ungkommunistene i Norge.

[FREDSPRISINITIATIVET 2012 - EU INGEN VERDIG VINNER](#)

- [Alþjóðamál](#)
- [Evrópusambandið](#)
- [Friðarverðlaun Nóbels](#)
- [Fundir](#)

Source URL: <http://attac.is/greinar/fredsprisinitiativet-2012-fr%C3%A9ttatilkynning>